

Föstudaginn 6. febrúar 1959.

Nr. 184/1958. Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Þorgeiri Magnússyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hdl.)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slysabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn í málinu, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1958. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara*, að kröfur hans verði lækkaðar. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi, sem hefur fengið gjafvörn í málinu, hefur skotið því af sinni hendi til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1958. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 255.262,48 með 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags. *Til vara* krefst hann lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum, eins og áður greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað atvinnutjón gagnáfrýjanda af nýju. Í síðustu áætlun hans, þar sem tekið er tillit til ákvæða laga nr. 1/1959, er niðurstöðutala tryggingafræðingsins kr. 214.109,00.

Eins og lýst er í héraðsdómi, voru engar hlifar á keðju-reimum vélar þeirrar, sem í málinu greinir. Slíkar hlifar, að ofan og til hliðar, voru nauðsynlegar, enda lögmæltar, sbr. 18. gr. laga nr. 23/1952. Telja verður, að slysið megi

að nokkru rekja til þessa skorts á öryggisbúnaði. Fébótaábyrgð vegna slyssins verður því að nokkru lögð á aðaláfrýjanda.

Á hinn bóginn var það mikil ógætni af hálfu gagnáfrýjanda að reyna að hefja viðgerð á vélinni, meðan hún var í gangi, og í því skyni fara með hönd sína, klædda vettlingi, svo nálægt hjólum og reimum sem raun ber vitni, sbr. 5., 6. og 7. mgr. 16. gr. laga nr. 23/1952.

Þykir eftir atvikum rétt að skipta fébótaábyrgð vegna slyssins þannig, að gagnáfrýjandi beri sjálfur 3/5 hluta tjóns síns, en aðaláfrýjandi bæti honum það að 2/5 hlutum.

Örorkutjón gagnáfrýjanda, er frá hafa verið dregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, þykir hæfilega áætlað kr. 125.000,00. Fallast má á mat héraðsdóms á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt 2. kröfulið í héraði, og 3. kröfuliður hefur ekki sætt neinum andmælum og verður því tekinn til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda 2/5 hluta af kr. 160.800,00 (kr. 125.000,00 + kr. 35.000,00 + kr. 800,00), þ. e. kr. 64.320,00, með vöxtum, eins og krafizt er.

Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu, greiði gagnáfrýjanda, Þorgeiri Magnússyni, kr. 64.320,00 með 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun talsmanna aðilja í Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns og Þorvalds Þórarinssonar

héraðsdómslögmanns, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Á öndverðu sumri 1953 var gagnáfrýjandi ráðinn til starfa við byggingu héraðssjúkrahússins á Blönduósi, og var honum fengin stjórn hjólvindu, sem látin var lyfta tunnu með steypu. Stýrði hann hjólvindunni með tveimur stöngum, en hún var knúin benzínvél. Var öxull vélarinnar tengdur við uppdráttarás með keðjureim, um það bil tveggja metra langri. Önnur styttri keðjureim tengdi hjólvinduna við vélina. Vélina var ræst með sveif. Straumrofi var eigi fyrir hendi til að stöðva vélina. Var hún því stöðvuð með því að kippa rafmagnsleiðslu úr sambandi, kæfa á vélinni með fullu innsogi eða loka fyrir aðrennsli að blöndungnum.

Hinn 21. júlí 1953 var gagnáfrýjandi við stjórn vélarinnar, sem var í fullum gangi. Varð hann þess þá var, að losnað hafði bolti, sem halda átti fastri legu ásenda. Á ás þenna var fest minna tannhjól vélarinnar, en um það lék styttri keðjureimin. Gagnáfrýjandi tók nú uppdráttarásinn úr sambandi, en stöðvaði eigi vélina, og héldu keðjureima-ásarnir áfram að snúast. Gekk gagnáfrýjandi því næst inn fyrir vélina, sem stóð mjög nærri húsveggnum, þannig að bilið, þar sem stytzt var, mun hafa verið um 50 sm. Gagnáfrýjandi beygði sig síðan fram standandi, kom bolta þeim, sem losnað hafði, fyrir á sínum stað og hóf að festa róna á hann. Gerði hann það með vinstri hendi, enda er hann örvhentur, en í þeirri hægri hélt hann á skiptilykli, sem hann hugðist herða róna með. Vinnuvettlinga úr lérefti hafði hann á höndum. Téður bolti var einungis 4.5 sm frá styttri keðjureiminni. Við þetta varð vinstri hönd gagnáfrýjanda föst undir keðjureiminni á tannhjólinu, og tættust þrír miðfingur handarinnar, svo að taka varð baugfingur og löngutöng alveg af og visifingur nema hálfan efsta köggul.

Svo sem lýst var, hugðist gagnáfrýjandi festa bolta, sem var mjög nærri keðjureim og tannhjóli vélarinnar, og fór í því skyni með hönd sína, búna vettlingi, inn í vélina og sýslaði þar við boltann, meðan vélin var í fullum gangi, en höndin lenti þá í keðjureim og tannhjóli og skaddaðist. Þessi aðferð gagnáfrýjanda var svo stórkostlega gálaus, að eigi verður komizt hjá að leggja alla meginsök á slysinu á hann. Hins vegar er eigi loku fyrir það skotið, að fullkominn öryggisbúnaður vélarinnar, svo sem straumrofi og hlifar um tannhjól og keðjureim, hefðu aftrað gagnáfrýjanda frá því að stofna sér í hina miklu hættu. Þar sem vélinni var áfátt að þessu leyti, telst rétt að leggja á aðaláfrýjanda fébóta-ábyrgð á slysinu að 1/5 hluta.

Fallast má á að reikna tjón gagnáfrýjanda, sem talinn er 34% öryrki, þannig:

1. Orkutjón	kr. 125.000,00
2. Þjáningar, sársauki og lýti ...	— 35.000,00
3. Kostnaður af bótareikningi	— 800,00

Kr. 160.800,00

Ber að dæma aðaláfrýjanda, sem eigi hefur vefengt aðild sína í máli þessu, til að greiða 1/5 hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 32.160,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað þykja eiga að vera óröskuð.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður, en þar sem báðir aðiljar hafa gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, ber að dæma ríkissjóð til að greiða málflutningslaun hinna skipuðu málflytjenda aðilja fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, sýslumaður Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Þorgeiri Magnússyni, kr. 32.160,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málflutningslaun skipaðra málflytjenda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns og Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000,00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 25. október 1958.

Ár 1958, laugardag 25. október, var í aukadómþingi Húnavatnssýslu af Kristni Ólafssyni sem setudómara ásamt meðdómsmönnum Alexander Guðjónssyni vélameistara og Inga Kristjánssyni byggingameistara upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 23. þ. m.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, út gefinni 20. okt. 1956 af Þorgeiri Magnússyni bifreiðarstjóra frá Njálstöðum í Vindhælishreppi, nú til heimilis Lönguhlíð 23, Reykjavík, gegn Guðbrandi Ísberg sýslumanni, Blönduósi, oddvita sýslunefndar Húnavatnssýslu, f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu vegna héraðsspítalans á Blönduósi til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 257.779,73, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. taxta LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, — til vara annarrar bótafjárhæðar eftir mati dómsins, ef svo yrði litið á, að stefnandi hefði ekki sýnt fulla aðgæzlu, og málskostnaðarkröfu sem að framan.

Af hálfu stefnda, sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, var krafizt *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og *til vara* verulegrar lækkunar á kröfunum og jafnframt í báðum tilfellum málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með því að hinn reglulegi dómari, Guðbrandur Ísberg sýslumaður, er oddviti sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og málið höfðað gegn sýslusjóðnum, hefur sýslumaður með úrskurði, dagsettum 18. okt. 1956, vikið dómarasæti í málinu, en í hans stað verið af dómsmálaráðuneytinu skipaður setudómari Kristinn Ólafsson, fulltrúi í Hafnarfirði, og kvað hann upp dóm í máli þessu, dags. 2. sept. 1957, sem áfrýjað var til Hæstaréttar, en sá dómur var ómerktur þar 16. júní 1958 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsagnar dóms af nýju, vegna þess að nauðsyn hafi borið til, að héraðsdómur kveddi sérfróða menn til að dæma með sér í málinu. Hefur því setudómarinn kvatt tvo sérfróða menn til að dæma með sér mál

þetta, sbr. 3. tölul. 200. gr. laga nr. 85 frá 1936, þá Alexander Guðjónsson vélameistara og Inga Kristjánsson byggingameistara, sem báðir hafa margra ára reynslu um meðferð vinnuvéla.

Við munnlegan flutning málsins nú gerir stefnandi þær kröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til greiðslu bóta, að upphæð kr. 255.262,48, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og *til vara* annarrar fjárhæðar lægri eftir mati dómsins og málskostnaðar í báðum tilfellum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er krafizt *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og *til vara* verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar í báðum tilfellum, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Þorgeir Magnússon bifreiðarstjóri, réð sig til vinnu við byggingu héraðssjúkrahússins á Blönduósi. Byggingameistarinn, sem hafði yfirverkstjórn með höndum, segir, að Þorgeir hafi verið ráðinn fyrir atbeina héraðslæknisins, því að Þorgeir hafi verið sjúklingur hans skömmu áður og læknirinn óskað eftir, að Þorgeir fengi eitthvert létt starf, því að hann væri heilsuveill. Þorgeir hefði sjálfur óskað vinnu við spil, sem notað var til að hala upp steypu, þegar steyppt var í byggingunni. Kveðst verkstjórinn hafa látið Þorgeir fá starfið bæði vegna þess, að það var létt, og einnig sökum þess, að hann hafi talið sig vanan vélum, þar sem hann hefði áður farið með skurðgröfur og hafði bílpróf.

Síðan hefði Þorgeir unnið við spilið fram að slysdegi, eða eitthvað á annan mánuð, og reynzt ágætlega í starfinu. En starf Þorgeirs var í því fólgið að standa við spil, sem lyfti upp tunnu, sem steypa var látin í, og gerði hann ýmist að lyfta eða slaka, eftir því sem við átti, og stjórnaði því með tveimur stöngum. Spilið var knúið af lítilli, sambyggðri benzínvél, og var öxull vélarinnar tengdur við upphölunarásinn með nálega tveggja metra langri keðjureim, og önnur styttri reim tengdi spilið við vélina.

Vélin var ræst með sveif, en enginn straumrofi var til að stöðva hana. Segir Þorgeir, að aðferðir, sem notaðar voru til að stöðva vélina, hafi verið að kæfa á henni með fullu innsogi, það er fylla sprengihólfið með óblönduðu benzíni og loka fyrir loftið, eða skrúfa fyrir aðrennslið að blöndunnum og bíða, unz hann var orðinn tómur. En fyrri aðferðinni hafi hann talið

hættulegt að beita vegna sprengihættu, enda ekki öruggt, að vélin stöðvaðist þegar í stað, og með síðari aðferðinni hefði getað tekið alllangan tíma að stöðva vélina og þar að auki gangsetning á eftir erfið og seinleg. Af þessum ástæðum kveðst Þorgeir hafa reynt að gera við eitt og annað smávegis án þess að stöðva vélina, en tekið spílásinn úr sambandi á meðan.

Hafi þetta sérstaklega komið fyrir, þegar hagræða þurfti virum eða galli kom á tengilínuna, sem ekki hafi verið óalgengt. Jafnframt getur Þorgeir þess, að ekki hafi verið tryggilega gengið frá benzíngjöf eða innsogi, því að hvort tveggja hafi verið fest með snærum og vír. Vélina var óvarin með öllu og báðar drifkeðjur hlífarlausar.

Þegar stefnandi, Þorgeir Magnússon, var að starfi sínu 21. júlí 1953 kl. 18,20, vildi til slys það, sem mál þetta er af risið, og lýsir hann atvikum að því eins og hér skal rakið og kemur heim við önnur gögn í málinu.

Þorgeir hafði orðið þess var, þar sem hann stóð við spilið og stjórnaði því í fullum gangi, að bolti, sem átti að halda fastri legu, sem ásendi lék í, er minna tannhjólið var fest á og dreif styttri keðjuna, hafði losnað, svo að hann taldi nauðsynlegt að festa boltann þegar í stað.

Hann stöðvaði upphölunina, en lét vél spilsins ganga í lausagangi, þannig að hann tók upphölunarásinn úr sambandi, en keðjudrifásarnir héldu áfram að snúast. Gekk Þorgeir aftur með vélinni og inn fyrir hana, en bilið þeim megin frá veggnum, þar sem stytzt var, mun hafa verið um 50 sm. Hann beygði sig síðan standandi, tók um boltann, sem losnað hafði, og kom honum fyrir á sinn stað og fór að festa róna á hann með vinstri hendi, en hann er örvhentur, og í hægri hendi hélt hann á skiptilykli, tilbúinn að herða róna að lokum. Að venju var hann með vinnuvettlinga á báðum höndum, en það voru þunnir léreftsvettlingar. Taldi hann sig hafa nægilegt svigrúm þarna til að ljúka verkinu, enda lokið því, sem hann taldi seinlegast og erfiðast, að koma boltanum á sinn stað, en bilið frá honum að litlu drifreiminni var um 4,5 sm. Skyndilega vissi Þorgeir ekki fyrri til en vinstri höndin var orðin föst undir keðjureiminni á tannhjólinu, og kippti hann þá í ofboði að sér hendinni án þess þó að gera sér grein fyrir, hvað skeð hafði, og ætlaði hann að halda áfram að skrúfa róna fasta. Varð honum þá bráðlega ljóst, að þrír fingur höfðu lent í vélinni og skaddast stórkostlega. Að öðru leyti kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvernig

slysið bar að, en telur, að hann hafi annaðhvort hrasað eða óvæntur sláttur komið á minni keðjuna, sem snerist með miklum hraða, svo að öxulendinn kunni að hafa gengið til, vegna þess að los var á legunni, og höndin farið milli tannhjólsins og keðjunnar.

Umrædd vél er nú geymd á Siglufirði, og fór dómurinn þangað ásamt umboðsmönnum aðilja og stefnanda til athugunar á vélinni og afstöðu stefnanda, er hann vann við hana. Þess má geta, að búið var að setja fjöl lauslega yfir lengri drifkeðjuna, en engar aðrar breytingar á gerðar. Dómurinn athugaði gangsetningu vélarinnar og hvernig hún var stöðvuð. Enn fremur fór dómurinn ásamt umboðsmönnum aðilja og stefnanda tvisvar á slysstaðinn við héraðssjúkrahúsið á Blönduósi og kynnti sér staðhætti og alla aðstöðu, eins og verið hafði, er slysið vildi til, með hliðsjón af gögnum, sem liggja fyrir í málinu um þessi atriði.

Eftir að slysið hafði viljað til, var stefnandi þegar fluttur á sjúkrahúsið á Blönduósi og gert að sárum hans.

Verkstjórinn við sjúkrahúsbygginguna, sem var eigandi umræddrar vélar, telur, að hún hafi verið auðveld í meðferð, og fullyrðir, að hún hafi verið margtekin út af vélaeftirliti ríkisins aðfinnslulaust, áður en slysið varð. Um þetta atriði liggja ekki fyrir í málinu fullnægjandi gögn, en lögmaður stefnanda veðfengir, að fullyrðing þessi geti verið rétt, og vitnar í bréf öryggiseftirlits ríkisins til hans, dags. 27. marz 1958, þar sem segir, að ekki verði séð í bókum öryggiseftirlitsins, að lyftivinda (spil), eign Sveins Ásmundssonar, notuð við byggingu héraðshælisins á Blönduósi, hafi verið skoðuð af skoðunarmönnum eftirlitsins.

Stefnandi telur stefnda bera fébótaábyrgð á slysi þessu, bæði samkv. almennum reglum um ábyrgð atvinnurekenda á lífi og limum starfsmanna sinna, er þeir eru að gegna skyldustörfum sínum, svo og vegna hins, að öryggisbúnaður og annað ástand þessa spils hafi ekki verið sem skyldi samkvæmt reglum um öryggi véla á vinnustað.

Af hálfu stefnda er bótaskyldu hans algerlega mótmælt, stefnandi hafi sjálfur orðið valdur að slysinu með mjög vítaverðu gáleysi.

Fyrst og fremst hafi spilið með vilja verið staðsett svo nærri vegg, til þess að enginn óviðkomandi gæti komið að því án vitundar stjórnandans, meðan það væri í gangi. Hefði stefnandi orðið sú skyssa á í stað þess að stöðva vélina, sem hægt hefði

verið með einu handbragði, að troða sér milli veggjar og vélar, meðan hún var í gangi, bogra þar niður og seilast inn undir keðjudrifið, sem snerist á ásnum, til að festa nagla, sem losnað hefði. Við þetta bætist, að hann hefði verið með vettling á hendinni og auk þess örvhentur, sem geri alla aðstöðu verri. Skorti á öryggisútbúnaði verði alls ekki um kennt, því að stefnandi hefði eftir sem áður getað seilzt þannig inn á hættusvæðið inn undir keðjudrifið.

Því verði ekki heldur um kennt, að ógætilega hafi verið valið í starf þetta, því að stefnandi hefði verið þaulvanur meðferð véla, m. a. árin á undan stjórnað jarðýtu og haft próf sem bifreiðarstjóri og enn fremur verið búinn að vinna við verk þetta nokkurn tíma eða frá því að byrjað var að steypa sjúkrahúsið.

Ef sýknukrafa stefnda verði ekki tekin til greina, beri að skipta bótum í hlutfalli við sök tjónþolans á tjóninu, og aðeins lítið brot sakar verði þannig lagt á stefnda, og samkvæmt því er varakrafa stefnda, að bótakröfur verði lækkaðar til mikilla muna.

Dómurinn verður að fallast á þá skoðun stefnanda, að stefndi beri samkvæmt almennum skaðabótareglum bótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hlaut við slysið, með því að skortur á öryggisumbúnaði hafi átt þátt í slysinu. Eins og áður hefur verið tekið fram, voru keðjudrifin bæði óvarin, og telur dómurinn það hafa verið mjög óvarlegt, eins og allar aðstæður voru, enda auðvelt að ganga svo frá, að verulega væri dregið úr hættu á slysum sem þessu. Enn fremur hafi útbúnaður við stöðvun vélarinnar verið ófullkominn. Álítur dómurinn, að nauðsyn beri til, að keðjudrif, sem séu jafnhraðgeng og hér var um að ræða, séu jafnan vel varin, enda sé það í samræmi við almennar öryggisreglur um frágang á vinnuvélum. Á hinn bóginn verður dómurinn að telja, að stefnandi hafi sýnt óvarkárni að fara með höndina inn í vélina í gangi, eins og hann gerði. Þegar þetta hvort tveggja er virt, þykir rétt að skipta ábyrgðinni á fébótum þannig, að stefndi beri þrjá fimmtu hluta, en stefnandi tvo fimmtu hluta tjónbótanna.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar sem hér segir:

1. Örorkubætur samkv. útreikningi tryggingafræðings K. G. Guðmundssonar, dags. 23. des. 1953, kr. 198.530,00, að viðbættum 25% vegna hækkana, sem orðið hafa síðan á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv., kr. 49.632,50, eða samtals kr. 248.162,50

2. Skaðabætur fyrir þjáningar, lýti, röskun á stöðu, högum o. s. frv.	—	50.000,00
3. Kostnaður við bótaútreikninga	—	800,00

Alls kr. 298.962,50

En frá þessari upphæð dregur stefnandi greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins: ein greiðsla ..	41.057,77	
dagpeningar úr slysatrygginga-deild	2.142,25	kr. 43.200,02

og verður þá krafa stefnanda — 255.762,48
og hefur stefndi samþykkt, að stefnandi hefði þá kröfu uppi án framhaldsstefnu, en mótmælt hinum einstöku liðum og fjárhæð þessari að öðru leyti. Skál því vikið að hinum einstöku kröfuliðum og rökstuðningi þeirra.

Um 1. lið.

Stefnandi hefur látið tryggingafræðinginn K. G. Guðmundsson reikna út atvinnutjón sitt vegna örorku, sem stafar frá slysinu, og liggur útreikningur þessi fyrir í framlögðu bréfi, dags. 23. des. 1953, og reiknast honum þar allt atvinnutjón stefnanda til þess tíma kr. 198.530,00. Þá hefur sami tryggingafræðingur endurskoðað fyrri útreikning sinn í bréfi, dags. 13. ágúst 1957, með hliðsjón af þeim breytingum, sem hafa orðið á vinnutekjum verkamanna, síðan fyrri útreikningur hans var gerður, en verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps reiknast þar kr. 198.418,00.

Þá hefur tryggingafræðingurinn enn í bréfi, dags. 12. júní þ. á., athugað, hver áhrif grunnkaupshækkun sú, sem ákveðin var með 52. gr. laga nr. 33 frá 29. maí 1958, hefði á útreikninga á atvinnutjóni í máli þessu, en sú grunnkaupshækkun mundi hækka fyrrgreinda niðurstöðu í kr. 205.315,00.

Þá hefur tryggingafræðingurinn að lokum reiknað út áætlaðar vinnutekjur í bréfi, dags. 21/10 sl., með hliðsjón af vísitöluhækkun og grunnkaupshækkun á almennu Dagsbrúnarkaupi, sem orðið hefur, eftir að fyrri útreikningar hans voru gerðir, og reiknast þar verðmæti vinnutekjutaps kr. 222.722,00. En í þessum útreikningum telur tryggingafræðingurinn, að bæta þurfi nokkru við þær niðurstöður fyrir því, sem örorkan hafi verið umfram 34% fyrst eftir slysið, og reiknar hann það kr. 4.700,00 í fyrsta útreikningi sínum, og helst það óbreytt enn.

Af hálfu stefnda er þessum lið og þeim útreikningum, sem þar liggja til grundvallar, mótmælt sem of háum og haldið fram, að tekjugrundvöllur fyrir matinu sé rangur og réttara hefði verið að leggja til grundvallar tekjur stefnanda næstu árin fyrir slysið. Skál því upplýst nánar um grundvöll þann, sem á er byggt, og röksemdir stefnanda fyrir þessum kröfulið.

Stefnandi var strax eftir slysið fluttur á sjúkrahúsið á Blöndu-ósi, og lá hann þar tíu daga, en talið, að hann hafi ekki orðið vinnufær fyrr en 21. september, og fékk hann greidda dagpeninga úr slysatryggingu til þess tíma. Í vottorði tryggingalæknisins B. Smára, dags. 28. sept. 1953, segir svo um meiðslin: „Tættust þrír miðfinger vinstri handar, svo að nauðsynlegt reyndist að taka baugfinger og löngutöng alveg af og allan vísifinger nema hálfan efsta köggulinn. Auk þess kom sár á litlafinger innanverðan um efri liðamótin. Sárin voru gróin í byrjun september, en slasaði hefur ekki byrjað starf enn þá, þar eð hann hefur ekki fengið neina vinnu við sitt hæfi. Skoðun 28/9 1953. Vinstri hönd (maðurinn er örvhentur), þriðji og fjórði finger numdir brott að fullu. Annar finger: Eftir er hálfur efsti köggull. Örin eru vel gróin, en dálítið aum. Fimmti finger kreppist ekki alveg í lófa, vantar ca. 1½ sm á, að gómurinn nái lófanum. Á fingrinum innanverðum er ör um næstfremsta lið.

Ekki þykir mega búast við því, að ástand slasaða taki neinum verulegum breytingum úr þessu, og má því teljast tímabært að meta varanlega örorku hans vegna nefnds slyss, og telst hún hæfilega metin

34%.“

Stefnandi er fæddur 23. des. 1927 og hafði sambúð við konu frá 1952, en þau gengu í hjónaband 1958 og eiga saman þrjú börn ung.

Tryggingafræðingurinn hefur reiknað vinnutekjutap stefnanda vegna slyssins með því að byggja á tekjum hans samkv. framtali 1952 og upplýsingum, sem fengizt hafa um tekjur hans sumarið 1953. Ekki virðast hafa fengizt upplýsingar eða gögn fyrir tekjum stefnanda frá eldri tíma, sem á verði byggt, enda telur tryggingafræðingurinn, að ekki hefði verið hægt, hvort eð var, að byggja á tekjum hans fyrir 1952, vegna þess hve ungur hann var þá, nema að litlu leyti. Þá hefur verið á það bent, að heilsu-brestur, sem þjáði hann á þeim árum, muni hafa dregið mjög úr atvinnutekjum hans fyrir slysið. Auk þess er full ástæða til að

telja, að tekjur þær, sem hér eru lagðar til grundvallar, séu mjög lágar miðað við þá atvinnu, sem hann stundaði, og borið saman við aðra, sem þá atvinnugrein stunduðu á þeim tíma.

Áætlaðar vinnutekjur verða eftir útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 21. okt. 1958, eins og hér segir:

Tímabil				Áætlaðar vinnutekjur	
22/7	1953	til	21/7 1954	Kr.	31.214,45
—	1954	—	1955	—	35.807,61
—	1955	—	1956	—	38.637,24
—	1956	—	1957	—	40.587,11
—	1957	—	1958	—	41.899,10
—	1958	—	1959	—	47.673,31
Síðan árlega				—	48.318,34

Verðmæti vinnuteknatapsins, er næmi 34% af framangreindum áætluðum vinnutekjum, reiknast því kr. 222.722,00.

Reiknað er hér með 6% ársvöxtum, dánarlíkum íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1941—1950 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur er gerður vegna opinberra gjalda, og engar upplýsingar liggja fyrir í málinu í því efni. Hins vegar telur tryggingafræðingurinn, að bæta þurfi nokkru við framangreinda niðurstöðu fyrir því, sem örorkan hefur verið umfram 34% fyrst eftir slysið. Með því að reikna með 100% örorku frá slysdegi til 21. september s. á. áætla tryggingafræðingurinn það kr. 4.700,00, og ætti þá allt atvinnutjón að nema samkv. þessum útreikningi kr. 227.422,00.

Hér koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, örorkubætur, kr. 41.057,77, og dagpeningar frá slysatryggingadeild, kr. 2.142,25, eða alls kr. 43.200,02, og verða þá eftir kr. 184.221,98.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af röksemdafærslu tryggingafræðingsins og þegar meðal annars er haft í huga, að dæmdar fébætur verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, þykir mega leggja ofangreindan útreikning til grundvallar í aðalatriðum, þannig að þessi liður þykir hæfilega ákveðinn kr. 180.000,00.

Í kröfum sínum hefur stefnandi reiknað með 25% viðbót við fyrsta útreikning tryggingafræðingsins vegna hækkunar á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv., en í síðasta útreikningi hans, sem hér er lagður til grundvallar, hefur tryggingafræðingurinn tekið tillit til þessa, og kemur það því ekki frekar til álita.

Um 2. lið.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefnda sem allt of háum.

Eftir þeim meiðslum, sem stefnandi hlaut, og örkumlum, sem hann ber eftir slysið, sem hvoru tveggja hefur verið lýst hér að framan, og þegar það er jafnframt haft í huga, að þetta hlýtur að há honum á ýmsan hátt við það lífsstarf, sem hann hefur valið sér, þykja bætur stefnanda fyrir þjáningar, röskun á stöðu og högum og varanleg lýti hæfilega metnar kr. 35.000,00.

Um 3. lið.

Enginn ágreiningur er um þessa upphæð, og verður hún tekin til greina, eins og hún liggur fyrir, með kr. 800,00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs vegna héraðsspítalans á Blönduósi, verður dæmd til að greiða stefnandanum, Þorgeiri Magnússyni, framangreindar upphæðir, kr. 180.000,00 + 35.000,00 + 800,00, alls kr. 215.800,00, að þremur fimmtu hlutum eða kr. 129.480,00 auk vaxta, eins og krafist hefur verið.

Þar sem mál þetta er bæði gjafsóknar- og gjafvarnarmál, ákveðast laun hinna skipuðu lögmanna aðilja kr. 5.000,00 til hvors, sem greiðast úr ríkissjóði, en málskostnaður fellur niður að öðru leyti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Ísberg f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, greiði stefnandanum, Þorgeiri Magnússyni, kr. 129.480,00 auk 6% ársvaxta frá 21. júlí 1953 til greiðsludags.

Málflutningsþóknun skipaðra lögmanna aðilja, Þorvalds Þórarinssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 5.000,00 til hvors, greiðast út ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
